

## **65. stjórnarfundar Austurbrúar, haldinn þriðjudaginn 13. september 2016.**

### **Fundargerð**

**Fundurinn haldinn í fundarsal hjá Austurbrú á Egilsstöðum kl. 14:00-16:00.**

Mættir stjórnarmenn á staðnum: Sveinn Jónsson (SJ), Sigrún Blöndal (SB), Jón Börn Hákonarson (JBH), Gauti Jóhannesson (GJ)

Mættir stjórnarmenn í síma: Sæunn Stefánsdóttir (SS)

Fjarverandi en afboðuðu sig: Margrét Guðjónsdóttir (MG)

Mættir starfsmenn: Anna Alexandersdóttir (AA) sem ritaði fundargerð

### **Dagskrá:**

1. Staðfesting fundargerðar nr. 64
2. Miðstöð menningarfræða
3. Brothættar byggðir
4. Samningur vegna eignarhluta Austurbrúar í Tó ehf.
5. Staða rekstur miðað við áætlun
6. Afskriftir krafna
7. Flugmálin
8. Önnur mál
  - a. Staðfesting á nafnabreytingu á láni hjá Byggðastofnun
  - b. Undirritun ársreiknings Þekkingarnets Austurlands 2015
  - c. Undirritun breytingar á stjórn fyrir fyrirtækjaskrá
  - d. Staðfesting á staðgengli framkvæmdastjóra
  - e. Kjaraumhverfi starfsmanna Austurbrúar

Jón Björn Hákonarson setti fundinn og bauð alla velkomna á fundinn

**1) Staðfesting fundargerðar nr. 64**

Stjórn staðfestir fundargerðir nr. 64.

**2) Miðstöð menningarfræða**

Bæjarstjóri Seyðisfjarðar, Vilhjálmur Jónsson, mætti til fundar undir þessum lið.

Fundarmenn fóru yfir sögu málsins og málin rædd.

Framkvæmdastjóra og staðgengli er falið að fara yfir úrlausn málsins með verkefnastjóra og funda að nýju með bæjarstjóra Seyðisfjarðar að því loknu.

Málið tekið fyrir á næsta fundi stjórnar.

**3) Brothættar byggðir – breytingar á samningum**

JBH og AA fóru yfir drög að breytingum á fyrirkomulagi verkefnastjórnunar vegna Brothættra byggða. Stjórn felur framkvæmdastjóra að klára samninga sem snúa að verkefninu og leggja endanleg drög að samningi fyrir næsta stjórnarfund miðað við umræður á fundinum.

**4) Samningur vegna eignarhluta Tó ehf.**

Stjórn staðfestir framsal eignarhluta í Tó ehf. á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

Sæunn Stefánsdóttir vék af fundi að loknum lið 4.

**5) Staða rekstur miðað við áætlun**

AA fór yfir stöðu rekstrar – vinnutíma miðað við áætlun, beinan kostnað og beinar tekjur.

Stjórn fór fyrir stöðu rekstrar og óskar eftir að fá upplýsingar um ný tekjuskapandi verkefni sem tryggð hafa verið á árinu. Stjórn felur AA að fara yfir stöðu verkefna tengd SSA.

## 6) Viðskiptakröfur

AA fór yfir minnisblað frá framkvæmdastjóra um viðskiptakröfur hjá Austurbrú. Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna á grundvelli minnisblaðs um afskrift krafa og kröfuvakt.

## 7) Staða flugvallarverkefnisins

JBH og AA fóru yfir stöðu mála í flugvallarverkefninu.

## 8) Önnur mál

- a. Staðfesting á nafnabreytingu á láni hjá Byggðastofnun

Stjórn staðfestir breytingar

- b. Undirritun ársreiknings Þekkingarnets Austurlands 2015

Stjórn staðfestir ársreikninginn

- c. Undirritun breytingar á stjórn fyrir fyrirtækjaskrá

Stjórn staðfestir skráningu til fyrirtækjaskrár

- d. Staðfesting á staðgengli framkvæmdastjóra

AA vísar af fundi og JBH fer yfir málin. Stjórn staðfestir að AA gegni hlutverki staðgengils framkvæmdastjóra í samræmi við áherslur framkvæmdastjóra um verkaskiptingu. Jafnframt er framkvæmdastjóra falið að ganga frá starfslýsingum í samræmi við samþykkt stjórnar.

- e. Kjaraumhverfi starfsmanna Austurbrúar

AA fór yfir þau málefni sem framundan eru vegna kjaraumhverfis starfsmanna Austurbrúar.

Fleira ekki tekið fyrir.  
Fundir slitið kl. 16:15

---

Jón Björn Hákonarson

---

Sigrún Blöndal

---

Sveinn Jónsson

---

Gauti Jóhannesson

---

Sæunn Stefánsdóttir

